

Fimmtudaginn 5. maí 2022 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fjarfundi og hófst hann kl.16:00

Mættir voru: Einar Jón Geirssons, Skúli Guðbjörnsson, Sindri Geir Sigurðarson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Jón Egill Jóhannsson.

Einnig sat fundinn Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð. Kristján Sturluson sveitarstjóri kemur inn á fundinn 16:14.

Einar Jón stjórnar fundi.

Gengið er til dagskrár:

1. Samningur við HMS um 3ja ára verkefni

Borist hafa drög að samningi frá HMS varðandi byggingu íbúða 2023 og 2024. Stjórn fer yfir samningsdrög. Formanni falið að ganga frá samningi við HMS.

Samþykkt.

2. Samningur við Dalasmíði

Búið að setja upp drög að samningi. Stjórn mun senda athugasemdir ef einhverjar eru og í framhaldi verður haft samband við verktaka með samningsdrög.

Samþykkt.

3. Verðkönnun vegna jarðvegsvinnu

Komin eru drög að gögnum fyrir verðkönnun varðandi jarðvegsvinnu á lóð að Bakkahvammi 15. Gengið verði frá gögnum í næstu viku og verðkönnun send út.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:19